



## **Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárbíngi ytra árið 2017**

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbíngi ytra.

### **1. gr.**

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbíngi ytra sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### **2. gr.**

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2017.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í. Rangárbíngi ytra sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

### **3. gr.**

Niðurfelling eða lækun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2015 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2016, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2016 samkvæmt skattframtali 2017. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**;

- með brúttótekjur undir 2.928.078 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 2.928.079 - 3.385.250 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.385.251 - 3.866.369 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 3.866.370 - 4.354.020 kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða **hjón**;

- með brúttótekjur undir 4.363.816 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.363.817 - 5.031.069 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 5.031.070 - 5.690.703 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 5.690.704 - 6.366.666 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

### **4. gr.**

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 4.910.404 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

**Ágúst Sigurðsson**  
sveitarstjóri Rangárbíngs ytra